



ÁRSSKÝRSLA 2016



Rauði krossinn
Reykjavík

Ábyrgðarmaður: Pórir Guðmundsson
Forsíðumynd: Þorkell Þorkelsson
Hönnun og umbrot: Argh!
Prentun: GuðjónÓ



Efnisyfirlit

Ávarp: Hjálpa meira, styðja betur, vinna saman	4
Vaxandi samvinna deilda á höfuðborgarsvæðinu	5
Kvennadeild Rauða krossins	6
Ungmennastarfið endurvakið	7
Hvar þrengir að?	8
Jaðarsettir hópar	
Konukot – aðsókn eykst	9
Konukotsmarkaður tekur kipp	10
Frú Ragnheiður – heimsóknir þrefaldast	11
Hvað er skaðaminnkun?	12
Vin – athvarf í orðsins bestu merkingu	13
Þrengingar	
Fjölskyldumiðstöð – endir á farsælu starfi	15
Heimsóknavinir – nærvera, hlýja og félagsskapur	15
Fatakort – reisin og þægindi fyrir notendur	16
Áfallasjóður – haldreipi í þrengingum	17
Innflytjendur og flóttafólk	
Hljójar móttökur í Hafnarfirði og Kópavogi	18
Craft Around the Globe	19
Opið hús – stuðningur við fyrstu skrefin inn í íslenskt samfélag	20
Heilahristingur – sjálfbóðaliðar styðja börn við heimanámið	21
Þjargir	
Sjálfbóðamiðstöð	22
Valdís Anna Prastardóttir: Vildi láta af gott mér leiða	23
Fjáröflun í sjálfböðnu starfi	24
Stjórn, verkefnastjórnir og starfsmenn	26

Hjálpa meira, styðja betur, vinna saman

Stefna Rauða krossins í Reykjavík er að styðja jaðarsetta hópa, fólk sem býr við þrengingar og innflytjendur og flóttafólk. Stefnan var samþykkt seint á árinu 2015 og á árinu 2016 kom hún til framkvæmda. Á sama tíma var áhersla lögð á samstarf, bæði út fyrir Rauða krossinn og innan raða hans.

Ný stefna birtist í verkefnum deildarinnar. *Opið hús* fyrir flóttafólk og innflytjendur fór af stað í janúar. Það hefur strax sannað gildi sitt sem neyðaraðstoð við einstaklinga sem leita til Íslands eftir alþjóðlegri vernd, fá hana og finna sig stadda óundirbúna í framandi samfélagi án húsnæðis, atvinnu og tengslanets. Á árinu leituðu 163 einstaklingar, sem margir voru í þessum sporum, í *Opið hús*. Með elju og einbeitni tókst sjálfbóðaliðum að hjálpa 53 einstaklingum við að fá þak yfir höfuðið.

Aukinn þungi var settur í stuðning við jaðarsetta hópa. Afurð þess er meðal annars samkomulag við Reykjavíkurborg um rekstur *Konukots*, sem gerir Rauða krossinum kleift að efla stuðning við heimilislausar konur. Á árinu jókst enn aðsókn að *Konukoti*, en þangað sótti 101 kona á árinu.

Heimsóknum fólks í skaðaminnkunarverkefnið *Frú Ragnheiði* fjölgaði nær þrefalt miðað við árið á undan. Á sama tíma var sjálfbóðaliðum fjölgað, bíllinn sendur út á götur höfuðborgarinnar sex daga vikunnar í stað fimm áður og farið að dreifa næringarríkum mat til skjólstaðinga. Mikið framboð á tækifærum til virkni einkenndi starfseminu í *Vin*, athvarfi Rauða krossins í Reykjavík fyrir fólk með geðraskanir.

Tvö ný verkefni eru til marks um stuðning



Árni Gunnarsson
formaður

Þórir Guðmundsson
forstöðumaður

Rauða krossins í Reykjavík við fólk sem býr við þrengingar. Þeir sem eiga í skyndilegum fjárhagslegum þrengingum, til dæmis vegna sjúkdóms eða slyss, geta nú sótt um stuðning úr *Áfallasjóði*, sem var stofnaður í desember 2015 og allar deildir á höfuðborgarsvæði eiga aðild að. Á árinu 2016 var tæpum 12 milljónum króna úthlutað til 44 einstaklinga.

Fatakort eru nú gefin út til þeirra sem þurfa á notuðum fatnaði að halda í stað þess að þeir verði að standa í biðröð eftir að velja fatnað í bakhúsi í miðborginni. Kortin nota þeir til að kaupa föt í verslunum Rauða krossins. Virði úthlutana var tæplega 30 milljónir króna á árinu.

Stjórn tók á árinu erfiða ákvörðun um að leggja niður Fjölskyldumiðstöð, eftir 20 ára starfsemi. Fjölskyldumiðstöð hefur þennan tíma stutt fjölskyldur í vanda og

Vaxandi samvinna deilda á höfuðborgarsvæðinu

aðstoðaði á síðasta starfsári sínu nærri 1.700 einstaklinga, þar af 962 börn. Hins vegar var Fjölskyldumiðstöð alltaf óvenjulegt Rauða kross verkefni að því leiti að ekki komu sjálfboðaliðar að því. Ekki tókst að fá aukinn stuðning til verkefnisins frá hinu opinbera og á endanum taldi stjórn ekki rétt að halda því áfram, enda tilkostnaður verulegur af sjálfsaflafé Rauða krossins. Unnið verður að því með stjórnvöldum að fjölskyldur í vanda fái áfram stuðning sambærilegum þeim sem var veittur í Fjölskyldumiðstöð.

Umsýsla með sjálfboðaliðum styrktist verulega á árinu með samkomulagi milli deilda á höfuðborgarsvæðinu, utan Mosfellsbæjardeildar, um sjálfboðamiðstöð sem staðsett er hjá Rauða krossinum í Reykjavík. Starfsmenn í deildunum í Hafnarfirði og Garðabæ og Kópavogi koma einnig að rekstrinum og starfsemin er grunnþáttur í hjálparstarfi Rauða krossins á svæðinu.

Ytra umhverfi markast af almennum uppgangi en við megum aldrei gleyma að hann nær ekki til allra. Þeir sem verða eftir kunna að vera í ennþá verri stöðu en fyrr. Húsnæðisskortur getur valdið miklum erfiðleikum, bæði hjá þeim sem þurfa að verja afar stórum hluta tekna sinna í leigu og hjá þeim sem fá alls ekki leigt. Þannig er um suma skjólstaðingahópa Rauða krossins, sem eru berskjaldaðir fyrir.

Framundan er áframhaldandi styrking verkefna og stöðug árvæknir fyrir nýrri þörf í borgarsamfélaginu. Um áramót var verkefnisstjóri staðsettur í Breiðholti í fyrsta sinn, forstöðukona í fullu starfi var ráðin til Konukots og verkefnisstjóri getur nú einbeitt sér að fullu að skaðaminnkunarverkefnum. Starfsmenn og sjálfboðaliðar deildarinnar skiluðu góðu ári 2016 en áskoranir verða nægar á árinu 2017.

Um áramót voru 766 virkir sjálfboðaliðar í störfum hjá Rauða krossinum í Reykjavík. Við færum þeim, starfsmönnum og öllum öðrum sem komu með ýmsum hætti að verkefnum deildarinnar bestu þakkir fyrir sitt framlag. +

Rauða kross starf á höfuðborgarsvæðinu ber þess merki að sum verkefni eru eðlilega unnin þvert á deildamörk og önnur eru þess eðlis að vinna þarf að þeim í grasrótinni á hverjum stað. Formlegir samningar deilda Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu, sem gerðir voru á árinu 2016, eru til marks um síaukna samvinnu deildanna.

Veigamesta samstarf deildanna varðar það sem mætti kalla hjartað í starfsemi félagsins, sem er umsýsla sjálfboðaliða. Sjálfboðamiðstöð, sem Rauði krossinn í Reykjavík hefur rekið um árabil, vinnur nú með umsýslu sjálfboðaliða á höfuðborgarsvæðinu. Starfið fer fram í mikilli og náinni samvinnu deildanna, sem hver um sig hafa starfsmenn sem sinna verkefnum á vegum Sjálfboðamiðstöðvar. Samkomulag um þetta var gert á árinu með aðild deildanna í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði og Garðabæ.

Deildir á höfuðborgarsvæðinu, að Mosfellsbæjardeild meðtalinni, gerðu einnig með sér samstarfssamning um úthlutun og sölu notaðs fatnaðar á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt honum var staðfest að Kópavogsdeild fari með stjórn verkefnisins en Reykjavíkureild sinnir úthlutun, sem fer fram með afhendingu svokallaðra fatakorta.

Þá var fest í sessi það fyrirkomulag að Reykjavíkureild sinni flóttafólki á svæðinu. Deildin hafði umsjón með stuðningi við flóttafólk sem kom til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar á árunum 2014 og 2015. Þegar stjórnvöld buðu hópi Sýrlendinga til Hafnarfjarðar og Kópavogs sömdu deildirnar um að deildin myndi halda utan um stuðning við þær fjölskyldur.

Hælisleitendur njóta hins vegar stuðnings Hafnarfjarðar- og Garðabæjardeildar, hvort sem þeir eru í húsnæði í Hafnarfirði, Garðabæ eða annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Deildin heldur úti viðamiklu félagsstarfi meðal hælisleitenda, starfi

sem hefur að hluta farið fram í húsnæði Reykjavíkureildar og landsskrifstofu.

Árið 2016 var fyrsta heila starfsár Áfalla-sjóðs deilda á höfuðborgarsvæðinu. Sjóðurinn var stofnaður til að styðja við fólk sem verður fyrir fjárhagslegu áfalli, til dæmis vegna veikinda eða slyss.

Önnur verkefni njóta sömuleiðis góðs af samvinnu þvert á deildir þó að ekki sé samstarfið formfest. Þannig hefur verið mikil og góð samvinna um málefni heimsóknavina. Hundavinir Kópavogsdeildar heimsækja aldraða og sjúka á öllu svæðinu. Óformleg samvinna hefur verið með deildum um heimanámsaðstoð við börn, sem eru flest af erlendum uppruna, í verkefni sem er kallað Heilahristingur. Yfirmenn deildanna hittast mánaðarlega og fara yfir sameiginleg málefni. Og að sjálfsögðu vinna sjálfboðaliðar úr Kópavogi í verkefnum í Reykjavík, Hafnarfirðing- ar í verkefnum í Kópavogi og svo framvegis.

Ljóst má vera að almenningur lítur á Rauða krossinn sem eitt félag – og ein af sjö grundvallarhugsjónum félagsins er eining. Deildaskipt félag, eins og Rauði krossinn á Íslandi er, þarf samt sem áður að hafa fyrir því að tryggja að félagið starfi í raun sem ein heild. Óvíða er þetta mikilvægara en á höfuðborgarsvæðinu þar sem um tveir af hverjum þremur landsmönnum búa á einu þéttbýlissvæði sem skipt er í borg, bæi og hverfi. Vaxandi samstarf deildanna á höfuðborgarsvæðinu miðar einmitt að því að þessu marki. +



Sjálfbóðaliðar Kvennadeildar afhenda æfingataeki til starfsfólks á öldrunardeildum á Landakoti.

Kvennadeild aðstoðar aldraða og sjúka

Verkefni Kvennadeildar Rauða krossins í Reykjavík eru aðstoð við aldraða og sjúka, svo sem með rekstri sölubúða og starfrækslu bókasafna á sjúkra- og öldrunarstofnunum í Reykjavík. Þá er Kvennadeildin með öfluga fjáröflun í sölubúðum og sjálfsölum á sjúkrastofnunum auk þess sem tekjur eru af starfi handverkskvenna sem selja handunna muni á basar fyrir hver jól.

Deildin rekur sjúklingabókasöfn á sjúkrahótelinu í Ármúla (til 15. apríl 2016), Landakoti, Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund og Hjúkrunarheimilinu Mörkinni. Bókaútlán á árinu voru 3.370 og lánþegar 1.520. Vinnustundir sjálfbóðaliða í verkefninu voru 1.020 klukkustundir.

Sölubúðir Kvennadeildar eru á Landspítalanum við Hringbraut og í Fossvogi og sjálfsalar eru á Landakoti, fæðingardeild, slysideild, geðdeild og Grensásdeild. Vinnustundir sjúkravina í sölubúðum voru 4.045 klukkustundir.

Handverkshópur Kvennadeildar kemur saman á fimmtudögum í húsnæði Rauða

krossins. Hópurinn telur nú ríflega 20 konur. Hópurinn stóð að árlega jólabasarnum sem haldinn var 26. nóvember 2016 í húsnæði Rauða krossins í Efstaleiti. Auk basarmuna eru seldar kökur og tertur sem Kvennadeildarkonur baka og gefa.

Handverkshópurinn hóf samvinnu við Skákkfélagið Hrókinn fyrir tveimur árum og 2016 fóru tvær sendingar af þrjónavöru til Grænlands. Vinnustundir sjúkravina í handverki voru 1.704.

Kvennadeildin fagnaði 50 ára afmæli þann 12.12.2016, og af því tilefni var haldinn glæsilegur jóla- og afmælissfundur í Gullteigi á Grand Hótel Reykja-

vík, 12. desember. Meðal heiðursgesta voru forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og kona hans Eliza Reid. Auður Þorgeirsdóttir skrifstofustjóri færði deildinni fagurlega útskorna lágmynd úr mahóni harðviði sem á er útskorið: Kvennadeild Rauða krossins í Reykjavík, 50 ára, 1966 -2016. Einnig er skorið út fyrir silfur fundarbjöllu sem Sigríður Thoroddsen fyrsti formaður deildarinnar gaf 5.2.1980. +

Starfsmenn 3

Sjálfbóðaliðar 160

Ungmennastarf endurvakið

Í byrjun árs 2016 var lagður grunnur að endurvakningu ungmennastarfs hjá Rauða krossinum í Reykjavík. Þátttaka ungmenna er nauðsynleg fyrir uppbyggingu öflugra landsfélaga og deilda. Menntun, sjálfsstyrking og gefandi umhverfi eru grunnskilyrði fyrir þátttöku ungmenna og því er mikilvægt að unnið sé markvisst að því að skapa grundvöll fyrir ungmennastarf á vegum deildarinnar.

Markmið ungmennastarfs hjá Rauða krossinum í Reykjavík er að skapa vettvang fyrir unga sjálfbóðaliða til að vinna að hugsjónum og markmiðum hreyfingarinnar á sinn einstaka hátt, koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri til stjórnar og starfsfólks. Eitt megin hlutverk hópsins er að virkja ungt fólk til sjálfbóðastarfa og veita því stuðning til þess að gefa til baka til samfélagsins. Samhliða er byggð upp þekking þeirra á starfsemi og hugsjónum Rauða krossins og lagður grunnur að öflugum hópi framtíðar sjálfbóðaliða.

Þann 17. júní tók hópur ungra sjálfbóðaliða yfir fatabúð Rauða krossins á Skólavörðustíg, fyllti búðina af litríkum sumarfötum og stóð vaktina fram á kvöld en öll innkoma dagsins rann beint í Tómsundasjóð flóttabarna. Þessi ungmenni, ásamt fleirum sem síðar bættust við, mynduðu kjarna sem frá hausti 2016 hefur fundað hálfsmánaðarlega. Hópurinn nýtur stuðnings frá verkefnastjóra ungmennamála, en fundarformið er opið og geta allir verið með og tekið þátt eftir getu og áhuga hvers og eins.

Ungmennahópurinn hélt áfram að láta málefni barna og ungmenna sig varða, en í nóvember fór fram leikfangasöfnun fyrir börn hælisleitenda á Íslandi. Þá voru samfélagsmiðlar nýttir til að senda út kall til almennings, og á örfáum dögum fylltust skrifstofur deildarinnar af leikföngum af öllum stærðum og gerðum. Galvösk ungmenni vörðu heilum laugardegi við að flokka leikföngin og raða ofan í kassa, merktum eftir aldri, sem síðan voru afhentir börnum í hælisleit.

Ungmennahópurinn tók að auki þátt í fjölmörgum verkefnum Rauða krossins. Sem dæmi má nefna fjáröflunarverkefni og kynningarverkefni en einnig vel

heppnaða tónleika sem hópurinn fór fyrir. Tónleikarnir voru hluti af góðgerðarviku Rauða krossins í Reykjavík, og rann allur aðgangseyrir tónleikanna til Frú Ragnheiðar.

Á döfinni eru svo áframhaldandi verkefni. Hugmyndir eru uppi um að vinna að fordómafræðslu og myndböndum sem kynna hugsjónir og starf Rauða krossins. Einnig er unnið að undirbúningi hlutverkaleiks sem kynnrir þátttakendur fyrir aðstæðum fólks á flóttu. Síðustu ár hafa sýnt skýrt fram á einstaka getu ungs fólks til að mæta áskorunum í samfélaginu og krefjast úrbóta. Nýlegir atburðir, bæði heima og erlendis, hafa skilað áhrifamiklum dæmum um möguleika ungmenna til virkni, að takast á við efnahagsleg og pólitísk málefni og knýja fram þær breytingar sem þau vilja sjá. +

Sjálfbóðaliðar

25

YOUTH TAKEOVER
Á SKÓLAVÖRÐUSTÍG

ERT ÞÚ Á ALDRINUM
16-25 ÁRA & HEFUR
ÁHUGA Á:
MANNÚÐARSTARFI
verkefna- og viðburðastjórnun

hönnun
eða
TÍSKU

Viltu taka þátt í spennandi verkefni á 17. júní og um leið safna pening fyrir TÓMSTUNDASJÓÐ FLÓTTABARNA sem er í umsjá Rauða krossins?

Sendu okkur skilaboð fyrir 3. júní, hér á Facebook eða línu á sibba@redcross.is með nafni og símanúmeri ef þú vilt vita meira og við höfum samband!

Rauði krossinn

Ungmennahópur „yfirtók“ verslun Rauða krossins við Skólavörðustíg á þjóðhátíðardeginum til að safna fé í tómsundasjóð flóttabarna.

Hvar þrengir að?

Megintilgangur Rauða krossins er að veita mannúðaraðstoð þar sem hennar er helst þörf. Verkefni Rauða krossins í Reykjavík mótast af stefnu félagsins, þörfum í samfélaginu hverju sinni og getu deildarinnar til að mæta þeim. Verkefni eru í stöðugri endurskoðun og því mikilvægt að stjórn, sjálfboðaliðar og starfsfólk Rauða krossins eigi í virku samtali við hlutaðeigendur, meðal annars stjórnvöld, sérfræðinga úr félags- og heilbrigðiskerfinu, aðstandendur, jaðarsetta hópa og aðra sem upplifa þrengingar. Með þessu samtali er hægt að draga fram hvar kreppir að í samfélagi okkar, en þannig getur deildin brugðist við og beint kröftum sínum þar sem mestu máli skiptir.



Víða eru þrengingar í borgarsamfélaginu

Greining sem unnin var fyrir deildina á stöðu þeirra sem búa við þrengingar í Reykjavík leiddi í ljós að skórinna kreppir víða. Húsnæðisvandi – bæði skortur á húsnæði og há húsaleiga – kemur sérstaklega illa niður á sumum hópum fólks. Börn efnaminni foreldra búa við minni félagsauð og í borginni er að finna ýmsar áskoranir sem einkenna borgarsamfélög um allan heim.

Niðurstöðurnar urðu tilefni mikillar umfjöllunar um haustið og var sjónum einkum beint að Breiðholti, þar sem ýmsar knýjandi áskoranir eru í velferðarmálum. Stjórn deildarinnar tók skýrsluna úr birtingu en helst niðurstöður hennar verða hafðar til hliðsjónar í verkefnavali næstu misseri. +

Fjöldi fólks býr við þrengingar, bæði félagslegar og efnislegar. Í samfélaginu eru hópar sem búa við alvarlegan skort, hafa orðið útundan í velferðarsamfélaginu og þurfa aðstoð til að fóta sig. Rauði krossinn í Reykjavík leggur áherslu á valdeflandi stuðning við berskjaldað fólk í öllum hverfum borgarinnar og vill bregðast við brýnum þörfum fólks sem býr við þrengingar í þeim tilvikum sem opinber stuðningur er ekki til staðar eða dugar ekki til. Deildin greinir reglulega þörfina í nærsamfélaginu en slíkar athuganir leiða í ljós hópa sem eru sérstaklega berskjaldaðir og þurfa stuðning. Deildin efndi til slíkrar greiningar á árinu 2016.

Jaðarsettir hópar

Í samfélaginu búa hópar sem upplifa einangrun og fordóma. Þetta eru jaðarsettir einstaklingar, meðal annars fólk með fíknivanda, fólk með geðraskanir og heimilislausir. Nærri tvö þúsund manns fara á hverju ári í áfengis- og/eða fíknimeðferð, og stór hluti þeirra glímur við mikinn fíknivanda. Hundruð einstaklinga sprautu vímuefnum í æð (ekki er hægt að fullyrða um fjöldann) og hafa læknað miklar áhyggjur af þeim sem nota uppleyst lyfseðilskyld lyf sem vímuefni til inngjafar í æð. Ólögleg fíkniefni eru sérstaklega hættuleg þar sem óljóst er hver styrkleiki efnisins er hverju sinni. Smitsjúkdómar eru algengir innan hópsins, sem oft veigrar sér við að sækja heilbrigðisaðstoð meðal annars vegna ótta við fordóma. Þessir einstaklingar missa margir tækni á lífi sínu og upplifa útskúfun og aðstöðuleysi.

Í landinu eru um 17 þúsund öryrkjar; 38% þeirra vegna geðraskanana. Sérfræðingum ber saman um að einna helst kreppi að hjá þeim sem eru með geðrofssjúkdóma og búi við afar skert lífsgæði. Af þeim eru margir fjölskyldufólk sem reynist erfitt að borga fyrir nauðsynjar, húsnæði, lyf, og fæði. Margir upplifa fordóma, mikla félagslega einangrun og skort á viðeigandi úrræðum.

Húsnæðisvandi einkennir þessa hópa. Samkvæmt skýrslu sem Reykjavíkurborg lét gera árið 2012 voru þá 179 einstaklingar utangarðs eða heimilislausir, flestir vegna vímuefnaneyslu. Mörgum reynist erfitt að greiða fyrir húsnæði og öðrum reynist erfitt að standast þær

kröfur sem gerðar eru um búsetu í félagslegu húsnæði eða öðrum opinberum búsetuúrræðum. Húsnæðisvandi í borginni einskorðast þó ekki við jaðarsetta hópa, því skortur á félagslegu leiguhúsnæði og húsnæði á almennum markaði, ásamt háu leiguverði, steðjar einnig að lágtekjufólki, ungu fólki og fólki sem fær dvalarleyfi á Íslandi eftir hælismeðferð.

Fólk sem býr við þrengingar

Talið er að um 2% þjóðarinnar búi við alvarlegan efnislegan skort, eða um 6.400 einstaklingar. Stór hluti þeirra býr á höfuðborgarsvæðinu þar sem um tveir þriðju landsmanna búa. Þeim reynist erfitt að greiða fyrir húsnæði, borða þann mat sem ráðlagt er að neyta, geta illa mætt óvæntum útgjöldum, og geta ekki greitt fyrir nauðsynleg lyf og lækniþjónustu nema láta annað sitja á hakanum, svo sem reikninga og tómstundir. Fjöldi barna er alinn upp við

skort og börn sem búa við þær aðstæður eru síður líkleg til að taka þátt í tómstundum og hafa almennt takmarkaðri aðgang að félagslegum tengslanetum og öðrum gæðum samfélagsins en börn efnameiri foreldra.

Hópur fólks sem býr við þrengingar hefur stækkað verulega frá árinu 2007. Í skýrslu UNICEF 2016 kemur fram að fjöldi barna sem líður efnislegan skort rúmlega tvöfaldaðist frá 2009 til 2014. Rannsóknir, innlendar og erlendar, staðfesta að fátækt er skaðleg börnum bæði í bráð og lengd. Skortur á tækifærum til félagslegrar þátttöku, til góðrar heilsu, til menntunar, vísar á fátækt. Börn sem alast upp við fátækt eru líklegri til að glíma við fátækt sjálf á fullorðinsárum.

Innflytjendur og flóttamenn

Á Íslandi er nú einn af hverjum tíu íbúum af erlendum uppruna. Fjölmenningsamfélagið kallar á samvinnu allra, sem

saman þurfa að mæta tækifærum og áskorunum sem því fylgja. Mikilvægt er að greiða aðgang allra að því sem samfélagið hefur upp á að bjóða, styðja þá sem þurfa, og gera fólki kleift að nýta sína þekkingu og mannauð samféluginu til góða. Breiðholt er hverfi með herra hlutfalli íbúa af erlendum uppruna en annarstaðar í Reykjavík. Þar vinna stofnanir, félagasamtök og einstaklingar saman að því hámarka kosti fjölmenningsamfélagsins og greiða jafnan aðgang íbúa hverfisins.

Rauði krossinn sinnir málsvarastarfi fyrir flóttafólk og hælisleitendur og hefur m.a. bent á þann aðstöðumun sem er milli kvótaflóttamanna sem koma í boði stjórnvalda og þeirra flóttamanna sem koma sem hælisleitendur. Kvótaflóttafólk nýtur margháttaðrar aðstoðar hins opinbera meðan hinir njóta minni stuðnings. Þeim er því mismunað eftir því hvernig þeir koma til landsins. +

Aðsókn eykst enn í Konukot

Aðsókn jókst enn í Konukot á árinu 2016 þrátt fyrir metfjölda einstaklinga sem leituðu í athvarfið árið á undan. Í heildina voru gistinætur 3.083 og á bak við þær 101 einstaklingar, tíu fleiri en 2015. Af þeim höfðu 40 ekki komið í athvarfið áður.

Sérstök áhersla var lögð á það á árinu að auka aðgengi að heilbrigðisþjónustu, sem er að miklu leiti veitt í gegnum starfsemi frú Ragnheiðar, bílsins sem sjálfboðaliðar aka um höfuðborgarsvæðið sex kvöld í viku. Í frú Ragnheiði er ávallt einn heilbrigðismenntaður starfsmaður og fyrir gesti Konukots er ómetanlegt að hafa aðgang að honum.

Hlutverk sjálfboðaliða í Konukoti er afar mikilvægur hluti starfseminnar. Á árinu störfuðu 73 sjálfboðaliðar í Konukoti og



Rúmlega 100 konur komu í Konukot á árinu og nutu aðstoðar starfskvenna og sjálfboðaliða í hlýlegu umhverfi.

lögðu af mörkum rúmlega fimm þúsund vinnustundir. Meðal sjálfboðaliða voru ungmenni sem koma í gegnum Alþjóðleg ungmennaskipti og nemar úr Háskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík.

Flestir sjálfboðaliðar sinna kvöldvöktum. Í nóvember var bætt við sunnudagsvakt frá kl. 10:00 – 14:00 og með því næst að

lengja opnunartímann einu sinni í viku. Sjö starfskonur vinna í Konukoti.

Samningar við Reykjavíkurborg

Tímamót urðu í starfsemi Konukots um haustið þegar undirritaður var nýr samningur við Reykjavíkurborg. Með

þessum nýja samningi kemst stöðugleiki á reksturinn og hægt er að ráðast í ýmsar bráðnauðsynlegar endurbætur. Reykjavíkurborg greiðir rekstrarkostnað að mestu en Rauði krossinn í Reykjavík tekur að sér að safna þremur milljónum króna til rekstursins á hverju ári.

Samningurinn gerir ráð fyrir forstöðukonu í Konukot í fullu starfi, en á síðasta ári var verkefnisstjóri í hálfu starfi við Konukot. Ný forstöðukona, Brynhildur Jensdóttir, var ráðin fyrir árslok. Þá var með samningnum aukið svigrúm til að hækka laun starfskvenna, hafa bíl og verja eilítið hærri upphæðum til matar-kaupa og margvíslegra endurbóta í húsinu.

Mikilvægt er fyrir starfseminna að í nýjum samningi er staðfest að starfið í Konukoti byggist á hugmyndafræði skaðaminnkunar. Tekið er fram í kröfulýsingu að í athvarfinu skuli vera nálaskiptaþjónusta og rými til að sprauta vímuefni í æð. Miðrými hússins nýtir Rauði krossinn fyrir markað, svokallaðan Konukotsmarkað, sem hefur þann tilgang að afla fjár til reksturs Konukots.

Skaðaminnkandi inngríp

Töluvert framboð er á námskeiðum fyrir starfskonur og sjálfboðaliða á vegum Rauða krossins. Haldið var tíu klukkustunda námskeið í skaðaminnkun og nálaskiptaþjónustu, fjögurra klukkustunda námskeið í sérhæfðri skyndihjálp og fjögurra klukkustunda námskeið í virkri hlustun og samtalaðferðum. Einnig sóttu starfskonur 20 klukkustunda námskeið í áhugahvetjandi samtali.

Eingöngu konur sinna starfi í Konukoti, hvort heldur eru sjálfboðaliðar eða launaðar starfskonur. Áfallameðvituð og kynjamiðuð nálgun er höfð að leiðarljósi. Flestir gestirnir hafa orðið fyrir ofbeldi eða öðrum áföllum í lífinu, oftast af hendi karlmannna.

Í athvarfinu eru tvö skaðaminnkandi inngríp, nálaskiptaþjónusta og aðstaða til að sprauta vímuefnum í æð. Með þessum inngrípum erum við minnka líkurnar á því að gestir fái húðsýkingar og smitist af lifrabólgu og HIV. Einnig dregur þetta verulega úr sprautunotkun fyrir utan athvarfið.

Aukin áhersla er lögð á hlutverk Konukots sem neyðarathvarf. Þannig er unnið náið

Konukotsmarkaður tekur kipp

Haustið 2013 skapaðist ákveðinn lúxusvandi í Konukoti og má segja að Konukotsmarkaður sé sprottinn upp úr þeim vanda. Þá hafði ung kona samband við verkefnisstjóra athvarfsins og spurði hvort tekið yrði við snyrtivörum og ilmötum, sem hún hafði ekki lengur not fyrir og var tilboðinu tekið með þökkum.

Áður en konan kom færandi hendi tók hún mynd af því sem hún hafði ákveðið að gefa og bloggaði um það líka, sem varð til þess að sjónvarpsviðtal var tekið við hana og þá var eins og tappi væri tekinn úr flösku.

Konur út um allt land fóru að taka til hjá sér og sendu til athvarfsins mikið af fallægum fötum, skarti og snyrtivörum.

Á svipuðum tíma hafði fólk í klúbbnum eRótarý í Reykjavík samband og sagðist hafa heyrt af snyrtivörusöfnun, hvort þau gætu lagt eitthvað af mörkum við söfnunina. Þau fengu upplýsingar um að nóg væri til af snyrtivörum en það væri vel þegið að fá hjálp við að koma í gang markaði, sem þau og gerðu og síðan hefur markaðurinn verið opinn.

Í samningi sem Rauði krossinn gerði við velferðasvið Reykjavíkurborgar haustið 2016 er tekið sérstaklega til þess að miðhluti húsnæðisins í Eskihlíð 4 verði notaður undir fjáröflun fyrir Konukot.

Síðastliðin vetur óskuðu nemar við Listaháskóla Íslands eftir því að fá að leggja lið og vekja þannig athygli á starfsemi markaðarins. Hópurinn samanstóð af 15 nemum úr ýmsum deildum listaháskólans. Á mánaðartímabili unnu þau að útlitsbreytingum, máluðu og útbjuggu meðal annars mátunarklefa og héldu svo vel heppnaða vorhátíð í lok maí.

Það má segja að vöxtur í starfseminni hafi verið jafn á milli ára og helsta skýringin sú að markaðurinn er orðinn þekktari og á sér nú „fasta“ viðskiptavinum sem mæta reglulega og geta treyst því að ætíð sé eitthvað nýtt á boðstólum.

Til þess að svo geti verið þarf um 12-20 klukkustunda vinnuframlag á viku og því starfi sinnir samhentur tíu manna hópur sjálfboðaliða. Samtals safnaði hópurinn um þremur milljónum króna á árinu 2016.

Markaðurinn er opinn á laugardögum frá kl. 12-16. +

með Reykjavíkurborg og, eftir atvikum, öðrum sveitarfélögum að því að finna úrræði fyrir gesti þannig að þeir þurfi ekki að dvelja langdvölum í athvarfinu.

Úrræðaleyfi

Þó verður að viðurkenna að ákveðið úrræðaleyfi er varðandi húsnæði, sem kemur heim og saman við reynslu annarra hópa. Húsnæði á höfuðborgar-

svæðinu er dýrt og af skorum skammti. Það á einnig við um félagslegt húsnæði.

Heimilislausar konur með fíknivanda og tvígreiningu (fíkní- og geðvanda) eiga það til að festast í heimilisleysinu og leita aftur og aftur í Konukot vegna þess að þær fá ekki varanlega búsetu með stuðningi. Tíu konur nýttu Konukot í yfir 100 nætur árið 2016. +

Starfsmenn	7
Sjálfbóðaliðar	73
Skjólstæðingar	101

Heimsóknir þrefaldast í Frú Ragnheiði

Heimsóknir í Frú Ragnheiði nær þrefölduðust á árinu 2016 miðað við árið á undan. Að meðaltali komu tíu manns í bílinn á hverri vakt. Frú Ragnheiður – skaðaminnkun, er verkefni sem hefur það markmið að ná til jaðarsettra hópa í samfélaginu, eins og heimilislausra einstaklinga og fólks með erfiðan fíknivanda. Verkefnið starfar eftir hugmyndafræði skaðaminnkunar og hefur þann tilgang að lágmarka skaðann og áhættuna sem fylgir vímuefnanotkun.

Í grunninn er þjónustan í Frú Ragnheiði tvíþætt. Annars vegar er hún hjúkrunarmóttaka og hins vegar er hún nálastíptabjónusta. Einnig er boðið upp á skaðaminnkandi ráðgjöf um öruggari sprautunotkun. Verkefnið er færanlegt og fer fram í sérinnréttuðum bíl, sem ekið er um götur höfuðborgarsvæðisins sex kvöld í viku.

Ástæðuna fyrir mikilli fjölgun heimsókna er ekki að finna í fjölgun einstaklinga sem sprauta vímuefnum í æð á Íslandi. Tölur SÁÁ benda til þess að ekki hafi fjölgað í hópnum og jafnvel að tala megi um fækkun.

Ástæðan er því önnur og tilfinning starfsmanna og sjálfbóðaliða er að hana megi rekja til fjögurra þátta: Í fyrsta lagi þess trausts sem jaðarsettir einstaklingar bera til verkefnisins. Traustið kemur fram í fjölda heimsókna og einnig í samskiptum sem skjólstæðingar eiga við sjálfbóðaliða í bílnum. Skjólstæðingar eru óhræddir við að tjá sig um sína vímuefnanotkun og sýna mikið þakklæti í garð þjónustunnar.

Í öðru lagi eru sjálfbóðaliðar verkefnisins að verða færari í að sinna skaðaminnkandi þjónustu, sem skilar sér í góðum leiðbeiningum um öruggari sprautunotkun til skjólstæðinga. Í þriðja lagi voru mun fleiri heimsóknir en fyrr þar sem einstaklingar voru að leita eftir spjalli, sálrænum stuðningi og sækja sér næringu og mat.

Í fjórða lagi var lögð áhersla á að reyna að ná til fleiri einstaklinga innan markhópsins. Það var gert með því að auglýsa verkefnið með veggspjöldum, nafnspjöldum og vera með fræðslu fyrir félags- og heilbrigðisþjónustuna. Einnig var verkefnastýra í sambandi við nokkra skjólstæðinga sem voru ráðgjafar verkefnisins. Þeir aðstoða Rauða krossinn við að auglýsa verkefnið og tala máli skaðaminnkunar innan síns nærsamfélags.

Meirihluti skjólstæðinga eru karlmenn

Um 75% skjólstæðinga Frú Ragnheiðar eru karlmenn og 25% eru konur. Helsta

ástæðan fyrir lágu hlutfalli kvenna er að í Konukoti – athvarfi fyrir heimilislausar konur – er boðið upp á nálastíptabjónustu. Þar geta gestir athvarfsins sótt sér hreinan sprautubúnað á opnunartíma. Nálastíptabjónustan í Konukoti er rekin í samstarfi við Frú Ragnheiði og er því útstöð af verkefninu.

Á árinu var vöktum fjölgað í sex á viku, úr fimm, þannig að nú er bílinn á ferð

	2015	2016
Janúar	21	157
Febrúar	29	193
Mars	52	211
Apríl	69	239
Maí	60	237
Júní	82	227
Júlí	79	252
Ágúst	117	279
September	100	254
Október	125	216
Nóvember	132	314
Desember	136	219
Samtals	1002	2.796

FJÖLDI HEIMSÓKNA Í FRÚ RAGNHEIÐI EFTIR MÁNUÐUM

JADARSETTIR HÓPAR



Aðsókn að Frú Ragnheiði hefur nær þrefaldast á einu ári. Í bílnum fá skjólstæðingar meðal annars blóðþrýstingsmælingu heilbrigðismenntaðra sjálfbóðaliða Rauða krossins.

um götur höfuðborgarsvæðisins alla daga nema laugardaga. Margir skjólstæðinga ná sambandi við sjálfbóðaliða Rauða krossins með því að hringja í síma Frú Ragnheiðar – 7887-123 – og þá fara sjálfbóðaliðarnir til viðkomandi.

Símtölum í Frú Ragnheiði fjölgaði mikið á árinu 2016. Heildarfjöldin var 746 símtöl, en var 328 á árinu áður. Hver vakt fær að meðaltali 2,8 símtöl. Nær allir sem hringdu í Frú Ragnheiði voru að óska eftir nálaskiptaþjónustu eða um 95%. Með því að bjóða jaðarsettum einstaklingum upp á símaþjónustu, þá ná þeir að nýta sér verkefnið mun betur og þess vegna nær það til mun fleiri einstaklinga. +

Starfsmenn	1
Sjálfbóðaliðar	98
Skjólstæðingar	2.796

Þórunn Helga Ármannsdóttir hjúkrunarfræðingur og sjálfbóðaliði í frú Ragnheiði

Hvað er skaðaminnkun?

- **Skaðaminnkandi inngríp er liður í mannúðlegri nálgun við vímuefnavanda**
- **Skaðaminnkun er gagnreynd aðferð til að draga úr skaða vegna notkunar vímuefna**

Á undanförunum árum hafa margar opinberar stofnanir, þar á meðal stofnanir Sameinuðu þjóðanna, lýst því yfir að hið svokallaða fíkniefnastríð sé tapað og leita þurfi annarra leiða til að taka á þessum stóra sameiginlega vanda um allan heim með mannúðlegri nálgun. Þar kemur skaðaminnkandi nálgun sterk inn. Í dag eru gerðar kröfur um virðingu fyrir mannréttindum og almennri heilsu þar sem litið er á fíkniefnamisnotkun sem heilbrigðisvandamál, en ekki refsivert athæfi. Þessar raddir eru alltaf að verða háværi í samfélaginu bæði erlendis og hýrlendis.

Skaðaminnkandi hugmyndafræði felur í sér þá nálgun að draga úr og fyrirbyggja

heilsufarslegan, félagslegan, fjárhagslegan og samfélagslegan skaða sem hlotist getur af neyslu vímuefna hjá einstaklingum sem annað hvort geta ekki eða vilja ekki hætta sinni neyslu. Skaðaminnkun leitast við að styðja jákvæðar breytingar hjá einstaklingnum sem minnka skaða og bæta lífsgæði hans.

Grunnmarkmið skaðaminnkunar eru því að halda lífi, bæta lífsgæði og viðhalda heilsu.

Hvað felur skaðaminnkun í sér?

Skaðaminnkun felur í sér samsetningu af inngrípum sem sniðin eru fyrir hvert tilfelli fyrir sig og leggur höfuðáherslu á að draga úr skaða vímuefnamisnotkunar fremur en að fyrirbyggja neysluna sjálfa. Þessi inngríp geta verið margvísleg, meðal annars nálaskiptiþjónusta eins og Frú Ragnheiður. Í verkefninu er meðal annars veitt aðgengi að hreinum sprautubúnaði, tekið við notuðum sprautubúnaði og honum fargað á öruggan hátt. Einnig er veitt skaðaminnkandi ráðgjöf hvað varðar hreinlæti, æðaval og örugga sprautunotkun o.fl. Annað

skaðaminnkunar verkefni sem Rauði krossinn rekur er Konukot, athvarf fyrir heimilislausar konur. Þar er einnig nálaskiptaþjónusta og örugg aðstaða inni í athvarfinu fyrir gesti að sprauta vímuefnum í æð. Svo eru önnur úrræði eins og viðhaldsmeðferðir þar sem einstaklingar fá uppáskrifað lyf frá lækni sem er ætlað að koma í staðinn fyrir efni sem fást á götunum og eru þess vegna hrein og örugg. Neyslurými eru athvarf þar sem einstaklingar geta notað vímuefni í hreina og örugga umhverfi undir eftirliti sérþjáfaðs starfsfólks.



Þórunn Helga Ármannsdóttir

Af hverju skiptir skaðaminnkun máli? Frú Ragnheiður er fyrsta nálaskiptiþjónustan á Íslandi og miðar meðal annars að því að ná til einstaklinga sem sprauta vímuefnum um æð. Þeir

Athvarf í orðsins bestu merkingu

einstaklingar eru allir í aukinni áhættu á smitbornum sjúkdómum eins og HIV, lífrabólgu C og fleiri blóðbornum sýkingum. Þeir eru einnig í aukinni hættu á að fá staðbundnar sem og kerfisbundnar sýkingar. Með því að deila sprautubúnaði eða nota óhreinan búnað eykst áhættan til muna. En blóðbornir sjúkdómar og ofskammtanir eru helstu dánarorsakir þessa hóps og því skipta forvarnir og viðeigandi meðferðir miklu máli til að draga úr eða koma í veg fyrir smit, sjúkdóma og dauðsföll.

En snýst þetta bara um neyslu vímuefna? Stutta svarið er nei, en þess má geta að meirihluti þeirra sem neyta vímuefna eiga ekki í vanda með neyslu sína. En vandi þeirra sem einstaklinga sem eiga við vímuefnavanda að stríða er fjölbættur og einskorðast ekki eingöngu við vímuefnanotkunina sjálfa. Tilfellin eru margvísleg og mismunandi og nánast undantekningalaust eiga þessir einstaklingar við mikinn félagslegan og sálrænan vanda að stríða. Margir eiga erfiða lífssögðu að baki, hafa lent í áföllum og orðið fyrir ofbeldi. Það er ástæðan fyrir því að fólk lendir á þessum erfiða stað í lífinu og við berum virðingu fyrir því.

Sjálfbóðaliðar Frú Ragnheiðar miða að því að mæta öllum einstaklingum þar sem þeir eru staddir hverju sinni og reyna sitt besta í því að veita stuðning sem getur verið í forni samtals, ráðgjafar eða bara einfaldlega nærveru, umhyggju og virðingu. Skjólstæðingar Frú Ragnheiðar eru mjög jaðarsettir og mæta fordómum og skilningsleysi á mörgum stöðum í samfélaginu. Í Frú Ragnheiði finnum við fyrir miklu þakklæti frá skjólstæðingum í garð verkefnisins en þessi þjónusta getur skipt sköpum í lífi margra.

Framtíðin felur í sér fleiri úrræði eins og Frú Ragnheiði á fleiri stöðum á landinu en í dag erum við aðeins að sinna höfuðborgarsvæðinu. Þörfin er mikil annars staðar á landinu og vonandi getum við í náinni framtíð farið að sinna öllum þeim sem þurfa á skaðaminnkandi þjónustu að halda. +

Gestakomur í Vin voru að meðaltali um 34 á dag á árinu en haustmánuðir voru áberandi fjölmennari og fór meðaltal í september, október, nóvember og desember yfir 36 á dag. Á bak við þessar komur eru um 150 einstaklingar sem nýta sér Vin en af þeim eru um 50 mjög virkir eða með að minnsta kosti 10 heimsóknir í mánuði.

Athygli vekur að hjá þeim sem mæta oftast, eða 10 til 15 sinnum í mánuði, hafa ekki orðið endurinnlagnir á spítala vegna geðræns vanda. Í þessu samhengi ber að taka fram að töluverð eftirfylgni er vegna gesta Vinjar og ef fastagestir láta ekki vita af forföllum er hringt í þá til að heyra í þeim hljóðið og þeir hvattir til að mæta. Vegna þessa fyrirkomulags er hægt að fylgjast með hvort um endurinnlagnir er að ræða.

Fjöldi gesta heimsótti Vin á árinu, þeirra á meðal fólk úr geðheilsugeiranum, aðstandendur, namar og fleiri. Fjöldi máltíða var um 22 á dag og skráð símtöl um 15 á dag. Hluti þeirra kallar á ráðgjöf og stuðning, til dæmis vegna þunglyndis, kvíða eða vanlíðunar.

Mikil aukning varð á virkni gesta á árinu í takti við auknið framboð viðburða en um átta manns sækja að meðaltali fundi og námskeið hverju sinni. Einna mikilvægust er þó virkni sem felst í því að mæta og eiga samskipti og efla félagslega færni en á hverjum degi taka nær

allir gestir Vinjar hverju sinni einhvern þátt í einhverri samveru.

Hefðbundin starfsemi Vinjar 2016 var órofin utan tveggja daga í maí vegna viðhalds og starfsdags í nóvember. Reynslan sýnir að afar mikilvægt er að lágmarka truflun starfseminnar til að koma í veg fyrir brottfall gesta sem leitt getur til veikinda eða endurinnlagna.

Sunnudagsopnun í vetur var gerleg vegna aðkomu sjálfbóðaliða. Án sjálfbóðaliðastarfsins væri ógerningur að taka á móti þeim fjölda sem sækir Vin heim. Í því sambandi skiptir framlag erlendra sjálfbóðaliða í gegnum Alþjóðleg ungmennaskipti verulegu máli.

Sjálfbóðaliðar hafa tekið þátt í daglegum störfum, þrífum, eldamennsku, samveru og að minnsta kosti þrír þeirra hafa haldið uppi sérverkefnum svo sem námskeiðum í athvarfinu. Í samvinnu við Fangelsismálastofnun hafa samfélagsþjónar komið til aðstoðar við daglega starfsemi.



Sláturgerð er einn af árlegum viðburðum í Vin, sem vekur mikla lukku, bæði þegar slátrið er tekið og þegar þess er neytt.



Ferðir innan og utan lands eru vinsælar meðal gesta. Meðal annars var farið í vel sóttu haustferð um Suðurstrandaveg. Hér er hópurinn með Strandakirkju í bakgrunni.

Hluti virkninnar á sér stað utan hússins góða við Hverfisgötu. Þannig hafa gestir Vinjar til dæmis séð um skákkennslu í Hlutverkasetri vikulega, setið í undirbúningsnefnd um skipulag fyrir alþjóðlega geðheilbrigðisdaginn og verið í samstarfshópi úrræðanna sem Geðhjálp stýrir. Á árinu voru þrjú gestir Vinjar tilnefndir í notendahóp mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur.

Starfsemin í Vin mótast af virðingu fyrir manngildi og þörfum og færni gestanna. Reynt er að laða fram styrkleika hvers og eins og styðja þá til að ná markmiðum sínum til aukinna lífsgæða. Þetta á einnig við um hversdagslega þætti daglegs lífs svo sem skattframtöl, ýmsar umsóknir og fleira.

Starfsmannafundir voru haldnir vikulega þar sem starfsfólk endurmat stöðuna og setti upp ramma verkefna, byggt á tillögum gesta, starfsfólks og sjálfböðaliða. Upplýsingar um dagskipan hvers dags voru færðar inn á Facebook síðu Vinjar.

Húsfundir voru haldnir vikulega, þar sem dagskráin og aðstoð í eldhúsi var

skipulögð með gestum og sjálfböðaliðum. Hefðbundin dagskrá samanstendur almennt af skipulagðri samveru sem felst fyrst og fremst í léttu spjalli þar sem leitast er við að ýta undir þátttöku og samkennd. Hádegisverðurinn stuðlar að samþættingu holls matar og félagslegrar athafnar. Auk vikulegra geðklofafunda voru qi gong æfingar og slökun sem efla anda og efni. Einnig má nefna húslestur, menningarferðir, gönguferðir ásamt námskeiðum, sýningum og mótum á vegum Listakademíu Vinjar og Vinaskákkfélagsins. Mikil virkni tengist Vinaskákkfélaginu en auk reglubundinna skákmóta hafa verið haldnir félagsfundir utan dagskrár Vinjar.

Á árinu var lagt af stað með bata- og fræðslufundi sem verða þróaðir áfram á árinu 2017.

Mikilvægasti fjárhagslegur bakhjarl Vinjar er Reykjavíkurborg, sem fjármagnar starfseminna að stórum hluta, en Velferðarráðuneytið hefur einnig árlega veitt mikilvægan styrk til verkefnisins. Þá styrktu Öryrkjabandalagið og Lýðheilsusjóður starfið.

Skipulagðir voru þjóðlegir viðburðir svo sem þorrablót, sláturgerð og fleira. Mánaðarlegar ferðir á kaffihús, veitingastaði og bíó og einstöku ferðir í leikhús og á tónleika fóru einnig fram.

„Út að borða“ verkefnið er fyrsta fimmtudag í hverjum mánuði yfir vetrarmánuðina og vekur mikla lukku meðal gesta Vinjar. Þátttakan vex með hverjum mánuði og þetta er eitt af þeim verkefnum sem hafa skilað góðum árangri við að virkja þá gesti sem erfiðast er að hvetja til þátttöku.

Ferðafélagið Viðsýn, sem stýrt er af gestum og starfsfólki, virkjaði gesti til þátttöku með árlegri hlutaveltu, fundum og ferðalögum innanlands og erlendis. Farið var í margar skemmtilegar dagsferðir og þriggja daga ferð til Lissabon um miðjan maí. Alls 19 gestir, tveir starfsmenn og einn sjálfböðaliði voru í ferðinni. +

Starfsmenn	4
Sjálfböðaliðar	50
Skjólstaðingar	150

Fjölskyldumiðstöð

– endir á farsælu starfi


Stjórn Rauða krossins í Reykjavík tók á árinu erfiða ákvörðun um að leggja niður Fjölskyldumiðstöð eftir 20 ára starfsemi. Fjölskyldumiðstöð hefur þennan tíma stutt fjölskyldur í vanda og aðstoðaði á síðasta starfsári sínu 484 fjölskyldur sem var aukning frá árinu áður. Innan þessara fjölskyldna eru 1.694 einstaklingar, þar af 962 börn. Heildarfjöldi viðtala á árinu var 1.333 og fékk hver fjölskylda að meðaltali 3,1 viðtöl.

Markmið Fjölskyldumiðstöðvar var sem áður að þjónða aðgengilega ráðgjöf, einkum fyrir efnaminni og berskjaldaðar fjölskyldur. Unnið var út frá lausnarmiðaðri viðtalsmeðferð og var fjölskyldum lagt lið við að leysa vandann sem fyrst svo koma mætti í veg fyrir að mál þróuðust á verri veg. Tveir starfsmenn voru í fullu starfi í Fjölskyldumiðstöð, forstöðumaður sem jafnframt er fjölskyldumeðferðarfræðingur og svo sálfræðingur. Öll þjónusta var fjölskyldum að kostnaðarlausu.

Síðla árs 2015 var gert samkomulag við

Útlendingastofnunum um þjónustu við hælisleitendur í formi ráðgjafar. Árið 2016 var veitt ráðgjöf og þjónusta til 140 hælisleitenda. Þeir sem sóttu þjónustu hjá Fjölskyldumiðstöðinni árið 2016 voru, auk Íslendinga, af 28 þjóðernum. Notuð var túlkþjónusta þegar þess var þörf.

Ekki tókst að fá aukinn stuðning til Fjölskyldumiðstöðvar frá hinu opinbera og að lokum taldi stjórn sér ekki fært að halda verkefninu áfram, enda tilkostnaður verulegur af sjálfsaflafé Rauða krossins. Unnið verður að því með



Ástæða komu í Fjölskyldumiðstöð.

- Einelti
- Uppeldisráðgjöf
- Atvinnuleysi
- Samskiptaerfiðleikar
- Skólavandi
- Forræðis/Umgengnismál
- Fjárhagserfiðleikar
- Skilnaður
- Ofbeldi
- Geðræni erfiðleikar
- Áföll/andlát/sorg
- Afbrot
- Hegðunarerfiðleikar
- Vímuefnavandi

stjórnvöldum að fjölskyldur í vanda fái áfram stuðning sambærilegum þeim sem var veittur í Fjölskyldumiðstöð. +

Starfsmenn	2
Skjólstæðingar	1.694

Nærvera, hlýja og félagsskapur

Heimsóknavinir eru sjálfboðaliðar, sem heimsækja fólk á heimili þess, á stofnanir, sambýli og dvalar- og hjúkrunarheimili. Hlutverk heimsóknavina er fyrst og fremst að veita félagsskap, nærveru og hlýju en markmið verkefnisins er að koma í veg fyrir eða rjúfa félagslega einangrun.

Misjafnt er hvað felst í heimsókn en reynt er að mæta þörfum og óskum gestgjafanna eins og kostur er. Heimsóknir geta m.a. snúist um spjall um daginn og veginn, gönguferðir, upplestur, aðstoð við handavinnu og fönður, ferð á kaffihús eða ökuferðir. Nokkuð er um að fólk hringi sjálf og óski eftir því

að fá heimsóknavin en flestar beiðnir koma frá starfsfólki hinna ýmsu stofnana. Viðmið er að heimsóknatími sé um klukkustund einu sinni í viku, en staður og stund er samkomulagsatriði milli gestgjafa og heimsóknavinar. Verkefnastjórar deilda á höfuðborgarsvæðinu hafa undanfarin ár haft góða samvinnu

um verkaskiptingu og fræðslu í verkefninu. Tvisvar á árinu 2016 var öllum heimsóknavinum á höfuðborgarsvæðinu boðið til sameiginlegrar fræðslu, sem var einnig vettvangur skoðanaskipta og hugmynda um starfið. Fræðsla fyrir verðandi heimsóknavinum er í boði einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina.

Takmarkalaust líf - starfslokakynningar

Sjálfbóðaliðar kynna starf Rauða krossins á starfslokánámskeiðum. Rauði þráðurinn í námskeiðum og fyrirlestrum sem Takmarkalaust líf býður upp á eru jákvætt viðhorf þar sem mikil áhersla er lögð á uppbyggilega nálgun í öllum mannlegum samskiptum. Á námskeiðum eru þátttakendur hvattir til dáða og bent á hvað það eitt að breyta viðhorfi sínu getur haft mikil áhrif til betra lífs fyrir þá sjálfa og ekki síst alla þá sem umgangast þá.

Samstarfið við Takmarkalaust líf felur í sér kynningar frá tveimur heimsóknavinum á starfslokánámskeiðum sem fyrirtækið heldur fyrir starfsmenn ýmissa stofnana, stéttarfélaganna og banka sem stefna að starfslokum vegna aldurs. Á kynningunum er fólk kynnt fyrir verkefnum Rauða krossins, m.a. heimsóknavinum, og kostum þess að gerast sjálfbóðaliði, bæði fyrir sjálfbóðaliðann sjálfan og samfélagið.

Verkefnið þróast

Heimsóknavinir, eins og önnur verkefni Rauða krossins, er í stöðugri endurskoðun. Í janúar 2016 hófst undirbúningur vegna úttektar á verkefni heimsóknavina á landsvísi og var óháður aðili fenginn til að vinna verkið. Í lok maí voru niðurstöður úttektarinnar kynntar, sem sýndu almenna ánægju með verkefnið en einnig að þörf væri á endurnýjun á kennslufni. Vinna að endurbættu kennslufni er þegar hafin, og verður kennslufnið tilbúið til notkunar snemma árs 2017.

Á árinu 2016 fengu eftirtaldar stofnanir reglulega heimsóknir frá sjálfbóðaliðum Rauða krossins í Reykjavík: Droplaugarstaðir, Eir, Grensás LSH, Grund, Mörkinni, Grund við Hringbraut, Norðurbrún 1, Skjól, Sóltún og sambýli á Sléttuvegi.

Skráðir heimsóknavinir árið 2016 voru 87 þar af 65 konur og 22 karlmenn. +

Starfsmenn	1
Sjálfbóðaliðar	87
Skjólstæðingar	120



Heimsóknir geta tekið á sig ýmsa mynd. Ásta Guðlaugsdóttir og Margrét Ásgeirsdóttir sjálfbóðaliðar Rauða krossins manna verslun fyrir heimilisfólk í Mörk, hjúkrunarheimili á sunnudögum og taka með því þátt í lífinu á staðnum.

Fatakort

- reisin og þægindi fyrir notendur

Tilgangur útgáfu fatakorta er að veita áþreifanlegan stuðning til tekjulágra einstaklinga og fjölskyldna, hælisleitenda, flóttafólks og annarra í neyð. Fatakortin gilda sem úttektarheimild og eru ígildi peninga sem hægt er að nota í öllum verslunum Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu.

Áður úthlutaði Rauði krossinn notuðum fatnaði í sérstöku rými, en árið 2015 var fyrirkomulaginu breytt og býðst nú handhöfum fatakortanna sama vöruúrval í verslunum félagsins á höfuðborgarsvæðinu og öðrum viðskiptavinum.

Hver einstaklingur getur sótt um úthlutun tvisvar á ári fyrir sig og fjölskyldu sína (maka og ólögráða börn). Í fyrsta skipti sem sótt er um er úthlutað tveimur kortum á hvern einstakling eða 2 x 5.000 kr. inneign. Eftir sex mánuði má sækja um að nýju, þar sem í flestum tilvikum verður gefið út eitt kort, þannig að

ársúthlutun er samtals kr. 15.000 fyrir einstakling.

Allir, sem hafa fasta búsetu á Íslandi, geta sótt um úthlutun og fengið afgreiðslu í húsi Rauða krossins að Efstaleiti 9 á þriðjudögum kl. 13:00-16:00. Hælisleitendum standa fatakort einnig til boða í Efstaleiti 9, en afgreiðsla til þeirra fer fram í opnum viðtalstímum hjá starfsmönnum landsskrifstofu í málefnum hælisleitenda.

Alls fengu 944 einstaklingar með fasta búsetu á Íslandi úthlutað fatakortum

Áfallasjóður

– haldreipi í þrengingum

Áfallasjóður var stofnaður síðla árs 2015 og hefur síðan eflst og umsóknum fjölgað mikið. Sjóðurinn hefur það meginmarkmið að aðstoða einstaklinga sem verða fyrir skyndilegu fjárhagslegu áfalli og eiga engan eða takmarkaðan kost á aðstoð annars staðar frá. Áhersla Rauða krossins felst í að hjálpa fólki við að ná sér aftur á strík eftir ófyrirséð fjárhagslegt áfall, svo sem í tengslum við sjúkdóma og slys, og koma þannig í veg fyrir að áfallið hafi langvarandi neikvæð áhrif.

Mánaðarlega fer úthlutunarnefnd yfir þær umsóknir sem borist hafa, en aðstoðin er einna helst í því formi að greiddir eru reikningar fyrir skjólstæðinga upp að tiltekinni upphæð, samkvæmt úthlutun hverju sinni.

Hægt er að sækja um aðstoð á þar til gerðu umsóknareyðublaði á vef Rauða krossins. Í öllum tilvikum er spurt um gögn sem sýna tekjur (staðgreiðsluyfir-

lit), umfang áfallsins og staðfestingu þess að aðrir aðilar (svo sem sveitarfélög, verkalyðsfélög og sjúklingafélög eða aðrir aðilar) hafi ekki stutt viðkomandi eða þá með hvaða hætti. Samþykki skjólstæðings um að ofangreind gögn séu skoðuð þarf að liggja fyrir.

Áhersla er lögð á raunhæfa aðstoð sem gefur skjólstæðingum tækifæri til að ná aftur sjálfbærni.

Sjóðstjórn er skipuð fulltrúum deilda á höfuðborgarsvæðinu og fulltrúum landskrifstofu. Hlutverk sjóðsstjórnar er að setja sjóðnum stefnu og reglur, afla tekna, fylgjast með starfi úthlutunarnefndar, fara yfir stöðu sjóðsins á fundum og taka afstöðu til álitafna sem upp hafa komið. Úthlutunarnefnd, sem í eru tveir einstaklingar sem þekkja til velferðarmála og einn fulltrúi sjóðsstjórnar, tekur endanlegar ákvarðanir um úthlutanir. Starfsmaður undirbýr fundi úthlutunarnefndar og útbýr yfirlit um allar umsóknir, situr jafnframt fundina og ritar fundargerð. Hann er einnig umsækjendum innan handar um útfyllingu umsókna.

Á árinu 2016 bárust Áfallsjóði Rauða krossins 53 umsóknir. Ástæður umsókna voru m.a. andlát ættingja, bílslys, áfallastreyta, fæðingarþunglyndi, húsbruni, og langvarandi veikindi barna. Úthlutunarnefnd samþykkti 44 umsóknir og voru umsækjendur á aldrinum 21-71 ára, bæði konur og karlar. Samtals var úthlutað tæpum 12 milljónum króna á árinu.+

Sjálfbóðaliðar 2

Skjólstæðingar 44

árið 2016. Af þeim fengu 210 úthlutað 2 sinnum yfir árið, og því komu alls 1.154 yfir árið. Andvirði úthlutunar var samtals kr. 10.490.000.

Aukningu mátti merkja í útgáfu fatakortanna til hælisleitenda, en sú aukning endurspeglar aukningu í fjölda hælisumsókna á árinu. Alls bárust 1.130 hælisumsóknir árið 2016 og var 1895 fatakortum úthlutað til einstaklinga innan þess hóps. Meðan einstaklingar bíða eftir afgreiðslu hælisumsóknar sinna eiga þeir kost á að sækja um fatakort á tveggja mánaða fresti. Misjafnt er hversu lengi fólk bíður úrlausnar sinna mála. Virði úthlutana til hælisleitenda er samtals kr. 18.950.000.

Tíu sjálfbóðaliðar tóku þátt í verkefninu og unnu samtals 207 klst. +

Sjálfbóðaliðar 10

Skjólstæðingar 944



Fatakortin eru númeruð og notendur geta framvísað þeim eins og um reiðufé væri að ræða í fataverslunum Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu.





Hlutverk Rauða krossins í móttöku flóttafólks snýr fyrst og fremst að félagslegri virkni og gagnkvæmri aðlögun að íslensku samfélagi. Hér eru flóttafjölskyldur á sumarahátíð sjálfbóðaliða Rauða krossins í Reykjavík – og njóta sín augljóslega vel.

Hljýjar móttökur í Hafnarfirði og Kópavogi

Á árinu 2016 komu 56 sýrlenskir flóttamenn til landsins í boði stjórnvalda og fluttu inn í vel útbúnaar íbúðir í Hafnarfirði, Kópavogi og Akureyri. Fyrsti hluti hópsins, 35 manns, kom í janúar, alls sex fjölskyldur. Tvær þeirra settust að í Kópavogi og fjórar fóru til Akureyrar. Í apríl bættust fjórar fjölskyldur í hópinn; ein settist að í Kópavogi og þrjár í Hafnarfirði. Í október kom svo síðasti hópurinn á árinu, átta manna fjölskylda sem settist einnig að í Hafnarfirði.

Fólkið naut aðstoðar Rauða krossins í Reykjavík, sem sinnir flóttafólki á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við deildirnar í Kópavogi og Hafnarfirði og Garðabæ.

Hver flóttafjölskylda fékk fjórar stuðningsfjölskyldur. Alls voru því 24 stuðningsfjölskyldur að störfum á árinu og gengu verkefni þeirra vel. Í mörgum tilvikum hafa orðið til dýrmæt vinasam-

bönd sem munu halda þótt verkefninu ljúki og voru sjálfbóðaliðar og flóttafólk sammála um að stuðningurinn hafi verið mikilvægur meðan þessi fyrstu skref við nýjar aðstæður í nýju landi voru stigin. Í

lok desember var haldinn rýnifundur með flóttafólki til undirbúnings fyrir næsta verkefni, þar sem fram kom almenn ánægja með þann stuðning sem sjálfbóðaliðar Rauða krossins veittu.

Á verkefnistímanum voru haldnir reglulegir fundir með stuðningsaðilum, samstarfsaðilum í sveitarfélögum og flóttafólkinu sjálfu. Einnig sinnti Rauði krossinn fræðslu fyrir flóttafólk, þar sem fjallað var um réttindi og skyldur í samfélaginu, almenn mannréttindi og stöðu karla og kvenna. Í samvinnu við sveitarfélögin og aðra aðila var svo staðið fyrir samfélagsfræðslu um til dæmis skattamál og barnavernd, haldið var uppeldisnámskeið og Jóhann Thoroddsen sálfræðingur hélt námskeið um einkenni áfallastreitu og bjargir til að takast á við hana. Það námskeið var haldið bæði fyrir flóttafólk og einnig fyrir stuðningsfjölskyldur og þá sem starfa að verkefninu á vettvangi Rauða krossins og sveitarfélaganna. Sú fræðsla mæltist sérlega vel fyrir.

Margir vilja hjálpa

Fjöldi fyrirtækja veitti flóttafólkinu mikla aðstoð, þar á meðal fatnað, húsbúnað og fjarskiptaþjónustu. Þá veittu fyrirtæki Rauða krossinum ómetanlegan stuðning í formi ríflegs afsláttar á varningi fyrir flóttafólkið. Gjafir fyrirtækja skiptu flóttafólkið miklu máli því það kemur nánast allslaust til landsins og hefur nýtt líf án margra þeirra hluta sem aðrir íbúar landsins á svipuðu reki hafa sankað að sér í tímans rás. Ekki má heldur gleyma almenningi, sem brást við beiðni Rauða krossins um húsgögn og almennan húsbúnað með rausnarlegum hætti eins og svo oft áður.

Í nóvember og desember var efnt til gleðskapar og öllum flóttafjölskyldum og stuðningsfjölskyldum boðið til hans. Í nóvember var haldin veisla til að bjóða velkomna fjölskylduna sem kom í október. Nokkrir einstaklingar úr hópi flóttamanna tóku sig til og elduðu sýrlenskan mat sem rann ljúflega niður og svo var spilið tónlist og dansað meðan fólki entust kraftar til. Veislan heppnaðist vel og hristi hópinn vel saman. Í desember var svo aðventustund í Hafnarfirði; allir komu með smákökur eða annað góðgæti á kökuhlaðborð og eftir kaffisamsæti fór hópinn út og naut samveru í jólaþorpinu í Hafnarfirði. +

Starfsmenn	1
Sjálfbóaliðar	84
Skjólstæðingar	28



Sýrlenska flóttafólkinu til furðu og ómældrar ánægju var móttaka í Leifsstöð þar sem forsætisráðherra Íslands tók á móti því við komuna í janúar 2016.

Craft Around the Globe

Á hverjum mánudegi mætir hópur fólks í Efstaleitið til að vinna að hannyrðum, spjalla saman og útbúa fatapakka fyrir flóttafólk. Flestir eru innflytjendur á Íslandi – en ekki allir – og mestmagnis eru það konur sem mæta – en þó ekki eingöngu.

Hópurinn kallar sig Craft Around the Globe. Þegar flóttafólk frá Sýrlandi kom til landsins tók hópurinn að sér að útbúa fatapakka fyrir hvern einstakling í samvinnu við Kvennadeildina. Þegar börn hælisleitenda komu í hús Rauða krossins skjálfandi af kulda fengu þau húfur og vettlinga sem Craft-hópurinn hafði prjónað, þeim og foreldrunum til mikillar ánægju. Heimilislausar konur í Konukoti hafa líka fengið hlýjan fatnað frá hópnum. +



Þegar einhverjir fjármunir safnast eru þeir gefnir til verkefna Rauða krossins í Reykjavík. Hér tekur Þórir Guðmundsson forstöðumaður deildarinnar við framlagi frá Frances Sykes, sem leiðir starf Craft Around the Globe.

Opið hús

– stuðningur við fyrstu skref inn í íslenskt samfélag

Pú flúðir vopnaskak og ofbeldi í heimalandinu. Þú fórst til Líbýu og samdir við smyglara um að koma þér í bát út á Miðjarðarhaf. Þú varst heppinn og björgunarskip kom þér yfir til Evrópu. Þú endaðir á Íslandi og sóttir um hæli. Þar var farið yfir umsóknina og á endanum fékkstu alþjóðlega vernd. Hvað tekur þá við?



Alls unnu 25 sjálfboðaliðar Rauða krossins við að hjálpa flóttafólki og innflytjendum í Opnu húsi. Vinnan fór ekki bara fram á tveimur Opnum húsum í hverri viku heldur einnig þess á milli við að fylgja eftir málum fólks gangvart leigusölum, stofnunum og öðrum.

Einhvern veginn svona er saga sumra þeirra sem mæta í Opið hús hjá Rauða krossinum í Reykjavík. Svarið við síðustu spurningunni er að félagsþjónusta viðkomandi sveitarfélags tekur við þeim sem fá dvalarleyfi á Íslandi en á því er þó ein stór undantekning því alls óvíst er um hvar – eða jafnvel hvort – hinn nýi íbúi fái þak yfir höfuðið.

Stóri dagurinn í lífi hælisleitanda er þegar hann fær jákvætt svar við umsókn sinni. En um leið byrjar klukkan að tifa. Viðkomandi þarf að yfirgefa það hús-

næði sem hann er í á vegum Útlendingastofnunar, venjulega á þremur til fjórum vikum.

Oft tekur álíka langan tíma tekur að fá kennitölu. Kennitölu þarf til að opna bankareikning og skrifa undir leigusamning. Það þarf því margt að ganga upp á fyrstu dögum flóttamannsins í nýju samfélagi.

Við þessar aðstæður koma margir í Opna húsið. Þar sitja þeir með sjálfboðaliðum Rauða krossins yfir vefsíðum þar sem íbúðir eru auglýstar til leigu.

Nær enginn flóttamannanna talar íslensku og enskukunnáttan er misjöfn, stundum engin. Meðal sjálfboðaliða er fólk sem talar frönsku, rússnesku, arabísku og farsí.

Merkilegur árangur

Opið hús fyrir innflytjendur og flóttamenn hóf göngu sína í janúar 2016. Tilgangur verkefnisins er að veita einstaklingum sem fengið hafa stöðu flóttamanns, sem og öðrum innflytjendum, aðstoð við ýmis praktísk úrlausnarefni

og stuðning við að fóta sig í íslensku samfélagi. Sjálfboðaliðar veita þeim sem á þurfa að halda persónulega aðstoð. Opið hús er haldið tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum og stendur yfir í tvær klukkustundir í senn. Fjöldi sjálfboðaliða á vakt er 5-8.

Á árinu 2016 komu alls 163 einstaklingar í Opið hús, langflestir í leit að leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði. Heimsóknir voru 996, sem þýðir að hver einstaklingur kom að meðaltali sex sinnum. Það eitt gefur vísbendingu um hversu öruggt það getur verið að finna sér leiguhúsnæði nú á dögum. Alls tókst sjálfboðaliðum Rauða krossins í Reykjavík að hafa milligöngu um að 58 einstaklingar kæmst í hús. Það hlýtur að teljast merkilegur árangur.

Auk hins brýna íbúðarvanda hafa flóttamenn og aðrir innflytjendur einnig leitað liðsinnis Rauða krossins við atvinnuleit – þar á meðal gerð ferilsskráa. Þeir hafa verið á höttunum eftir upplýsingum um íslenskunám og aðra menntunarmöguleika og um réttindi og skyldur í íslensku samfélagi.

Aðstoð við gagnkvæma aðlögun

Alls störfuðu 25 sjálfboðaliðar við Opið hús fyrir innflytjendur og flóttamenn á árinu 2016. Hin mikla aðsókn á fyrsta ári verkefnisins sýndi svo ekki verður um villst þörfina fyrir slíkt úrræði. Fátt bendir til að húsnæðismál flóttafólks, sem kemur inn í samfélagið eftir hælismeðferð, séu að leysast. Öruggt húsnæði er frumbörf; heimilislaus einstaklingur er ekki líklegur til að aðlagast samfélaginu sérstaklega vel.

Markmið Rauða krossins í Reykjavík til lengri tíma er hins vegar að vinna að gagnkvæmri aðlögun. Deildin hefur því áform um að vinna að því að styðja flóttafólk og aðra innflytjendur við að mynda félagsleg tengslanet með ýmsum hætti og fræðast um sitt nýja heimili og samfélag.

Á nýju ári gerðu Rauði krossinn á Íslandi og velferðarráðuneyti samning til þriggja ára, sem vonast er til að geri félaginu og deildum þess kleift að styðja við alla flóttamenn, bæði þá sem koma í boði stjórnvalda og hina sem koma sem hælisleitendur, og þannig jafna að einhverju marki aðstöðumun milli hópanna. +

Starfsmenn	1
Sjálfboðaliðar	25
Skjólstæðingar	163

Sjálfboðaliðar styðja börn við heimanámið

Heilahristingur er heimanámsaðstoð fyrir grunnskólanema, framhaldsskólanema og fullorðna. Um er að ræða samstarfsverkefni Rauða krossins í Reykjavík, Borgarbókasafns og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.



Í Kringlusafni er heimanámsaðstoð Rauða krossins bæði fyrir börn í yngri og eldri bekkjum grunnskólans.

Sjálfboðaliðar Rauða krossins taka á móti nemendum á bókasöfnunum einu sinni í viku og aðstoða þá við heimanámið. Markmiðið er að styðja við nemendur í námi og styrkja sjálfsmynd þeirra og að samhliða fái þeir tækifæri til að kynnst þeirri þjónustu sem bókasöfnin bjóða upp á í tengslum við nám, áhugamál, tómstundir og annað. Lögð er áhersla á að ná til barna/ungmenna sem hafa annað móðurmál en íslensku, en allir nemendur eru velkomnir sem vilja nýta sér þessa þjónustu.

Árið 2016 fór verkefnið fram á 6 stöðum borginni, þar af á þremur stöðum Borgarbókasafns; í Gerðubergi, Kringlunni og við Tryggvagötu. Þá fór verkefnið einnig fram á skólabókasöfnunum í tveimur grunnskólum, Hlíðaskóla og Háteigsskóla og auk þess í Borgum, félagssmiðstöð velferðarsviðs í Grafarvogi.

Á skólabókasöfnunum er heimanámsaðstoðin fyrir börn í 1.-4. bekk en í Gerðubergi, Kringlusafni og Borgum fyrir börn í 4.-10. bekk. Í bókasafninu við Tryggvagötu er boðið upp á aðstoð fyrir framhaldsskólanema og fullorðna íslenskunema af erlendum uppruna. +

Sjálfboðaliðar	31
Skjólstæðingar	58

Sjálfböðamiðstöð

- miðstöð sjálfböðaliða

Hlutverk sjálfböðamiðstöðvar er að vinna úr umsóknum nýrra sjálfböðaliða, annast móttöku þeirra og fylgja umsókn eftir til verkefnastjóra. Rauði krossinn í Reykjavík stefnir á að vera fyrsti kostur þeirra sem hafa áhuga á sjálfböðnu starfi að mannúðarmálum í Reykjavík. Því er lögð áhersla á faglega og markvissa uppbyggingu í sjálfböðastarfi innan deildarinnar þar sem hvatt er til frumkvæðis og þátttöku sjálfböðaliða í verkefnum.

Á árinu 2016 var undirritaður samningur um Sjálfböðamiðstöð milli þriggja deilda á höfuðborgarsvæðinu, Rauða krossins í Reykjavík, Rauða krossins í Kópavogi og Rauða krossins í Hafnarfirði og Garðabæ. Samningurinn felur í sér samræmda móttöku nýrra sjálfböðaliða á höfuð-

borgarsvæðinu ásamt samræmingu allra ferla sem viðkoma störfum sjálfböðaliða Rauða krossins. Þá tryggir Sjálfböðamiðstöð að umsóknarferlið taki eins stuttan tíma og mögulegt er þannig að hæfur sjálfböðaliði komist fljótt til starfa innan hreyfingarinnar.


Sjálfböðamiðstöð er starfrækt samkvæmt þeirri hugmynd að sjálfböðaliðinn sé grunneining Rauða kross starfsins og stærsta auðlind félagsins. Sjálfböðaliði sinnir starfinu svo lengi sem áhugi og hvati er til staðar. Í þeim tilgangi að auka getu og styrk Rauða krossins til að sinna fjölbreyttu mannúðarstarfi þarf að huga vel að öllum þáttum sem snerta þann tíma sem einstaklingur sinnir sjálfböðnu starfi hjá Rauða krossinum – allt frá því að sjálfböðaliði skráir sig til þátttöku og þar til farsælu starfi hans lýkur hjá hreyfingunni.

Árið í tölum

Rauða krossinum í Reykjavík bárust alls 396 nýjar umsóknir um sjálfböðin störf árið 2016. Alls hófu 100 nýir sjálfböðaliðar störf í verkefnum deildarinnar á árinu, en 46 létu af störfum eða tóku sér hlé í verkefnum sínum. Í lok árs 2016 voru 766 sjálfböðaliðar skráðir virkir í verkefnum.



Í júní var haldin sumaráhátíð sjálfböðaliða Rauða krossins í Reykjavík. Þar var karnival stemning með hoppukastala, blöðrudýrum, kandíffloss, ís og að sjálfsögðu grilluðum pylsum með öllu tilheyrandi.



Sjálfbóðaliðar 2016 - eftir aldri.

■ <20 ■ 20-29 ■ 30-39 ■ 40-49
■ 50-59 ■ 60-69 ■ 70-79 ■ 80-96

Þess má geta að margir einstaklingar lögðu sitt af mörkum í starfi Rauða krossins í Reykjavík til skemmri tíma árið 2016 en þeir finnast ekki í þessum tölum. Samstarf deildarinnar við framhalds- og háskóla var gott og tekið var á móti fjölda nema sem sinntu sjálfbóðastörfum eða vettvangsnámi sem hluta af námsmati eða vegna átaksverkefna. Að auki lögðu margir deildinni lið með einum eða öðrum hætti, m.a. í góðgerðarviku með uppistandi, tónleikum og fjáröflun.

Að lokum má nefna samstarf við Evrópu unga fólksins og Alþjóðleg ungmennaskipti um sjálfbóðastörf ungs fólks. Hjá Rauða krossinum í Reykjavík starfa fimm EVS sjálfbóðaliðar í mismunandi verkefnum deildarinnar. EVS stendur fyrir European Voluntary Service, eða evrópsku sjálfbóðaliðabjónustuna, og er hluti af Erasmus+, mennta- og æskulýðsáætlun Evrópusambandsins. Markmið EVS verkefnisins er að gefa ungu fólki tækifæri til að stunda sjálfbóðastörf utan síns heimalands og m.a. auka þekkingu sínu, læra ný tungumál og kynnast nýrri menningu í gegnum óformlegt nám. Móttaka EVS sjálfbóðaliðanna er unnin í samstarfi við Alþjóðleg ungmennaskipti sem eru alþjóðleg sjálfbóðaliða- og fræðslusamtök.

Verkefni framundan

Árið 2017 verður unnið að því að auka aðgengi sjálfbóðaliða að verkefnum deildanna, fjölga sjálfbóðaliðum þar sem upp á vantar og bjóða sjálfbóðaliðum upp á markvissa þjálfun og fræðslu. +

Hafði tíma og vildi láta gott af mér leiða

Valdís Anna Prastardóttir er 25 ára flugliði með BA próf í frönskum fræðum. Hún styður við flóttamenn og innflytjendur í Opnu húsi.

Hvað gera sjálfbóðaliðar í Opnu húsi?

Í Opnu húsi tókum við á móti öllum sem þurfa aðstoð, flestir eru innflytjendur, þeir sem hafa sótt um hæli og fengið alþjóðavernd. Þetta eru oftast einstaklingar sem eru nýlega komnir, en líka fólk sem er búið að vera á Íslandi í 2-3 ár en nær ekki að fóta sig í kerfinu og þarf auka aðstoð. Við aðstoðum fólk t.d. við að finna íbúðir, búa til ferilskrár, hjálpum þeim að hringja í fólk eða lesa pappíra sem það hefur fengið frá stofnunum. Flestir eru með félagsráðgjafa og fá mikla þjónustu þar, en stundum þarf aðeins meira og þá erum við til staðar. Við leiðbeinum líka fólki um það hvar það geti leitað, á hvaða síðum er hægt að leita að störfum og íbúðum. Þegar fólk veit hvar það getur leitað verður það oft mjög spennt og fer á fullt í að leita sjálft eftir því sem það vantar. Í rauninni er þetta mjög einstaklingsbundið, sumir tala eiginlega enga ensku og þurfa mikla hjálp en aðrir þurfa bara hjálp við fyrstu skrefin.



Hverjir geta verið sjálfbóðaliðar?

Það er í raun engin sérstök þekking sem sjálfbóðaliðar þurfa að búa yfir. Þú þarft að vera opinn einstaklingur, og geta sýnt æðruleysi því við vinnum með ólíku fólki, af ólíkum uppruna með mismunandi bakgrunn. Margir eru að flýja stríð, koma einir án fjölskyldu sinnar, eru í erfiðum aðstæðum. Sjálfbóðaliðar þurfa að vera svolítið sterkir og bara vera tilbúnir til að ganga í verkið. Þeir þurfa að vera duglegir að spyrja spurninga og fá stuðning frá verkefnastjóra sem er alltaf til staðar, þegar það á við.

Af hverju ertu sjálfbóðaliði?

Mig langaði að gerast sjálfbóðaliði í raun löngu áður en ég skráði mig loksins. Ég hafði auka tíma og langaði að láta gott af mér leiða. Ég var alltaf á fullu að vinna og æfa, sem snérist allt um mig, en langaði að prófa að verða sjálfbóðaliði líka. Ég þurfti bara að taka skrefið og þegar ég var að klára lokaritgerðina mína myndaðist svigrúm og ég lét verða að því að skrá mig. Þá var ég líka í fullu starfi en talaði við vinnuveitandann minn sem gaf mér leyfi til að fara fyrr ákveðna daga til að koma upp í Rauða kross. Það gaf mér miklu meira en að vera bara í fullu starfi, og það sem er kannski svolítið skrítið er að maður kemur til baka endurnærður eftir að hafa getað hjálpað öðrum. +

Fjáröflun í sjálfböðnu starfi

Frumkvæði og samstarf sjálfböðaliða við öflun fjár hefur í ár, eins og fyrri ár, veitt deildinni mikilvægan stuðning. Án sjálfböðaliða í fjáröflunum verður annað mikilvægt starf deildarinnar ekki eins afkastamikið. Meðal annars stóðu sjálfböðaliðar deildarinnar fyrir tónleikum á KEX hostel, uppstandi á skemmtistaðnum Húrra, jólakakósölu á aðventunni í miðborg Reykjavíkur ásamt því að taka virkan þátt í góðgerðaviku sem haldin var dagana 26. nóvember til 4. desember.

Fyrirtæki í Reykjavík gáfu mikið af sér í ár en stærsti einstaki fyrirtækjastyrkur til Rauða krossins í Reykjavík kom frá Domino's Pizza á Íslandi sem stóð fyrir árlegri sölu á góðgerðarpizzu sinni sem útbúin var af matreiðslumeistararum Hrefnu Sætran. Alls safnaði Domino's Pizza 5,8 milljónum króna sem runnu til reksturs Konukots, neyðarathvarfs fyrir heimilislausar konur. Mörg önnur fyrirtæki sýndu einnig áhuga á að styrkja starf deildarinnar á árinu með veglegum gjöfum þannig að fyrirtækjastyrkir náðu samtals 8,3 milljónum króna. Undir lok árs hóf deildin að leita til fyrirtækja um mánaðarlega styrki og heldur því starfi áfram á árinu 2017.

Deildin stóð í fyrsta sinn fyrir góðgerðaviku sem fólst í því að haldnir voru tvennir viðburðir ásamt því að seld var rúðuskafa fyrir bíla fyrir utan nokkrar vel valdar Bónus verslanir. Uppistaðan í skipulagi og framkvæmd viðburðanna var í höndum sjálfböðaliða ásamt því að salan á sköfunni var fyrst og fremst í höndum sjálfböðaliða. Vikan þótti takast vel og alls safnaðist 1,1 milljón króna.

Nýr samningur Rauða krossins í Reykjavík við Reykjavíkurborg um rekstur Konukots var undirritaður á árinu og reksturinn þannig tryggður til næstu þriggja ára. Árið áður var gerður samningur um rekstur Vinjar. Velferðaráðuneytið styrkti Rauða krossinn í Reykjavík á árinu og ber þar hæst framlög til Vinjar og skaðaminnkunarstarfsins í Frú Ragnheiði.



Árleg kakósöla sjálfböðaliða Rauða krossins setur svip á miðbæ Reykjavíkur á aðventunni.

Félagagjöld eru eftir sem áður mikilvæg tekjulind til að standa straum af hjálparstarfinu. Félagar eru um 7.800 talsins sem samtals færðu deildinni rúmar níu milljónir króna á árinu 2016. Almenn-ingur og ferðamenn fá í auknum mæli tækifæri til að styðja starf deildarinnar með framlögum í bauka í ýmsum versl-

unum og þjónustufyrirtækjum, sem fer stöðugt fjölgandi.

Fjáröflunarstarf á árinu 2016 gekk í heildina vel og með ýmsum nýmælum er verið að tryggja fjárstreymi inn í allt hjálparstarf deildarinnar fyrir næstu ár. Árið 2017 fer í að halda áfram að byggja

undir það starf sem þegar hefur verið unnið og með dyggum stuðningi sjálfboðaliða í samstarfi við starfsmenn deildarinnar verður hægt að styrkja þennan grunn enn frekar.

Rauði krossinn í Reykjavík þakkar kærlega fyrir dyggan stuðning á árinu 2016. **+**



Bræðurnir Hugleikur og Þormóður Dagssynir hlupu fyrir Rauða krossinn í Reykjavíkumaraþoninu og söfnuðu þannig framlögum fyrir Frú Ragnheiði. Æfingar fyrir hlaupið voru miklar og strangar.

Stjórn, verkefnisstjóri í árslok

STJÓRN RAUÐA KROSSINS Í REYKJAVÍK

Árni Gunnarsson	formaður
Ragnar Þorvarðarson	varaformaður
Huld Ingimarsdóttir	gjaldkeri stjórnar
Oddrún Kristjánsdóttir	ritari
Hermann Guðmundsson	meðstjórnandi
Pétur Þorsteinsson	meðstjórnandi
Sóley Ómarsdóttir	meðstjórnandi
Helga Bára Bragadóttir	varamaður 1
Ólöf Huguína Valdimarsdóttir	varamaður 2

STJÓRN FERÐAFÉLAGSINS VIÐSÝNAR

Viðar H. Eiríksson	formaður
Íngi Hans Ágústsson	varaformaður
Garðar Sölvi Helgason	gjaldkeri stjórnar
Hörður Jónsson	ritari
Kjartan Bjarnason	meðstjórnandi
Helgi Júlíusson	meðstjórnandi
Magnús Hákonarson	meðstjórnandi

STJÓRN KVENNAEILDAR

Oddrún Kristjánsdóttir	formaður
Guðrún Hansdóttir	varaformaður
Kristín Einarsdóttir	gjaldkeri stjórnar
Hanna Guðrún Guðmundsdóttir	ritari
Gunnhildur Jónsdóttir	meðstjórnandi
Halldóra Ásgeirsdóttir	meðstjórnandi
Ragna María Gunnarsdóttir	meðstjórnandi
Laufey Kristjónsdóttir	varamaður
Þórunn R. Eyjólfsson	varamaður
Vala Rós Ingvarsdóttir	varamaður

STÝRIHÓPUR FRÚ RAGNHEIÐAR

Dr. Helga Sif Friðjónsdóttir	faglegur bakhjarl Frú Ragnheiðar
Svala Jóhannesdóttir	verkefnastjóri
Ísabella Björnsdóttir	
Eggert Jónasson	
Aðalsteinn Baldursson	
Sandra Sif Gunnarsdóttir	
Elín Guðný Gunnarsdóttir	

Órnir og starfsmenn 2016



STARFSMENN RAUÐA KROSSINS Í REYKJAVÍK

Anna Lára Steindal	verkefnastjóri flóttamannamála
Auður Þorgeirsdóttir	skrifstofustjóri Kvinnadeildar
Björg Sigurðardóttir	starfsmaður Konukoti
Elfa Dögg S. Leifsdóttir	sálfræðingur Fjölskyldumiðstöð
Elín Guðný Gunnarsdóttir	umsjón með sjálfboðaliðum Konukoti
Halldóra Pálsdóttir	forstöðumaður Vinjar
Haukur Logi Jóhannsson	verkefnastjóri fjáröflunar
Ingi Hans Ágústsson	leiðbeinandi Vin
Ingibjörg Reynisdóttir	starfsmaður Konukoti
Jóhanna Þorgrímsdóttir	starfsmaður Konukoti
Kristín Helga Guðmundsdóttir	verkefnastjóri heimsóknavina, áfallsjóðs og fatakorta
Ragnheiður Sigurjónsdóttir	forstöðumaður Fjölskyldumiðstöðvar
Rut Rúnarsdóttir	starfsmaður Konukoti
Sabrina Olivia Meyns	starfsmaður Konukoti
Sigríður H Kristinsdóttir	verkefnastjóri sölubúðar Landsspítala Fossvogi
Sigrún Erla Egilsdóttir	verkefnastjóri innflytjendamála
Sigurbjörg Birgisdóttir	verkefnastjóri sjálfboðamiðstöðvar
Sissa Hjördís Gestsdóttir	félagsliði Vin
Svala Jóhannesdóttir	verkefnastýra Frú Ragnheiðar og Konukots
Viðar Hafsteinn Eiríksson	verkefnastjóri Vin
Þóra Kristinsdóttir	verslunarstjóri sölubúðar Landspítala Hringbraut
Þórey Einarisdóttir	umsjónamaður Konukoti
Þórir Guðmundsson	forstöðumaður Rauða krossins í Reykjavík
Þorsteinn Valdimarsson	deildarstarfsmaður
Harriet O´Brien	EVS/ AUS sjálfboðaliði í fullu starfi
Julia Cora Gschwentner	EVS/ AUS sjálfboðaliði í fullu starfi
Matthew Wilding-Wykes	EVS/ AUS sjálfboðaliði í fullu starfi
Raquel Salgado	EVS/ AUS sjálfboðaliði í fullu starfi
Sally-Ann Cope	EVS/ AUS sjálfboðaliði í fullu starfi

STJÓRN HEIMSÓKNAVINAVERKEFNIS

Sigurður V. Magnússon	formaður
Bergdís Kristjánsdóttir	
Guðrún Eygló Guðmundsdóttir	

STJÓRN VINASKÁKFÉLAGSINS

Róbert Lagermann	forseti
Hörður Jónasson	varaforseti
Héðinn Briem	gjaldkeri stjórnar
Aðalsteinn Thorarensen	ritari
Ingi Tandri Traustason	meðstjórnandi
Hjálmar Sigurvaldason	varamaður 1
Embla Dís Ásgeirsdóttir	varamaður 2
Hrafn Jökulsson	Verndari

STJÓRN MÚLABÆJAR OG HLÍÐARBÆJAR

Sigurveig H. Sigurðardóttir (Rauða krossinum)	formaður
Dagný Erna Lárusdóttir (SÍBS)	
Sigurjón Einarsson (SÍBS)	
Pétur Þorsteinsson (RRKÍ)	
Þórunn Sveinbjörnsdóttir (FEB)	

Stjórn Rauða krossins þakkar eftirtöldu starfsfólki sem lét af störfum á árinu: Hrafnhildur Gísladóttir, Hrafnhildur Kvaran, Susan Rafik Hama, Ragnheiður Ólafsdóttir, Jenný Lind Óskarsdóttir og Elín Guðný Óskarsdóttir.

Nýir starfsmenn sem komu til starfa hjá deildinni voru eftirfarandi: Anna Lára Steindal, Rut Rúnarsdóttir, Þorsteinn Valdimarsson, Björg Sigurðardóttir og Sabrina Olivia Meyns.

GRUNDVALLARHUGSJÓNIR



Hugsjónagrundvöllur Rauða krossins er fólgin í markmiðunum sjö um mannúð, óhlotdrægni, hlutleysi, sjálfstæði, sjálfböðna þjónustu, einingu og alheimshreyfingu. Sérhverjum starfsmanni og sjálfböðaliða Rauða krossins um heim allan ber að starfa samkvæmt grundvallarmarkmiðunum.

MANNÚÐ

Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim sem særst höfðu á orrustuvelli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og létta þjáningar fólks hvar sem það er statt. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða.

ÓHLUTDRÆGNI

Hreyfingin gerir engan mun á milli manna eftir þjóðerni þeirra, uppruna, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmálaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir.

HLUTLEYSI

Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts, skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka þátt í deilum vegna stjórnmála, uppruna, trúarbragða eða hugmyndafræði.

SJÁLFSTÆÐI

Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns, verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarmarkmið hreyfingarinnar.

SJÁLFBOÐIN ÞJÓNUSTA

Hreyfingin er borin uppi af sjálfböðnu hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon.

EINING

Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það skal vera öllum opið og vinna mannúðarstarf um landið allt.

ALHEIMSHREYFING

Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan, og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar.